

Myndbandið “Íslenski hesturinn”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- grunnorðaförði í kringum hesta
- útlit
- helstu eiginleikar íslenskra hesta
- hvernig nýttist hesturinn okkur áður fyrr, hvernig nýtist hann okkur í dag?

Íslenskir hestar eru *landnámskyn*: Þeir hafa verið til á Íslandi frá 9. öld og byggja erfðaeefnið sitt á mjög gömlum grunni – sem er einstakt á heimsvísu. Íslendingar hafa aldrei flokkað búfé sitt niður í kyn með staðalútlit og bannað allt annað (t.d. ákveðna liti), ólíkt flestum öðrum löndum. Erfðafræðilegi fjölbreytileikinn er þess vegna sérstaklega mikill, sem er ekki síst sjáanlegur:

- nærri allir litir sem hross getur líffræðilega verið með,
- faxlitlir alveg eins og faxprúðir,
- mismunandi gerð,
- sumir með 5 gangtegundir, aðrir með 4, en stundum eingöngu með 3

Hestar eru eina búfjartegundin sem finnst ennþá í miklum mæli í þéttbýli. Nærri í öllum þéttbýlum og einnig á höfuðborgarsvæðinu eru til sérstök hesthúsahverfi. Hestamannafélög bjóða upp á ýmis námskeið, líka fyrir fólk og sérstaklega börn sem eiga ekki hross sjálf. Þess vegna er það tiltölulega auðvelt líka fyrir borgarbörn að sjá hesta eða meira að segja kynnast þeim nánar. Alls konar mót og keppnir eru opin öllum áhorfendum. Urmull af bókum er til og einnig tímarit.

Meira um íslenska hestinn (örfá dæmi – því úrvalið er svo mikið):

- Fjársjóður-myndband: “Búfjartegundir á Íslandi í dag – berum þær aðeins saman!”
- Bókin “Íslenski hesturinn” eftir Gísla B. Björnsson og Hjalta Jón Sveinsson (2004, mjög ítarleg og vegleg bók um alla helstu þætti)
- Sögusetrið íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal: sogusetur.is

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Hvað heitir karlkyns hestur sem getur ekki búið til folöld?
- Hvað heitir kvenkyns hestur til dæmis?
- Sum íslensk hross eru með fimm gangtegundir. Detta ykkur nokkrar í hug?
- Hvar líður hestum yfirleitt best? Inni í hesthúsi eða úti?
- Eru hestar alltaf inni á veturna?
- Hvernig var það í gamla daga, var fólk þá aðallega að ferðast um á hestvögnum?
- Og byggingarefni, hvernig var það flutt áður fyrr?
- Hvernig nýtast hross okkur í dag?
- Hvað geta hestar orðið gamlir?
- Í sveitinni: Áttu þér uppáhaldshest? Hvernig er hann?
- Í borginni: Hefurðu komið á hestbak?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net